

# EYSTRAHORN

38.tbl. 41. árgangur

9.nóvember 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



## GOTT BAKLAND

Nýverið fór fram úthlutun úr styrktarsjóði geðheilbrigðis og hlaut stuðnings- og virkniþjónusta Sveitarfélagsins Hornafjarðar styrk upp á 300.000 kr. fyrir verkefnið „Gott Bakland“

Í starfi okkar höfum við tekið eftir því að þörf er á sértækum stuðningi við aðstandendur einstaklinga með geðsjúkdóma. Með það í huga sótti Sigrún Bessý Guðmundsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði, um styrkveitingu til geðheilbrigðissjóðs undir nafninu „Gott bakland“ og er markmiðið að bjóða upp á námskeið fyrir aðstandendur og efturfylgd í kjölfarið. Aðstandendur geta verið hornsteinn í bata einstaklinga með geðrænan vanda og mikilvægt að þeirra líðan og áskorunum sé veitt athygli.

Til gamans má geta að Sveitarfélagið Hornafjörður var eina sveitarfélagið sem hlaut styrk úr sjóðnum en samkvæmt forsvarsmönnum sjóðsins eru sveitarfélög vanalega ekki styrkt, heldur eru það einstaklingar og félagsamtök sem fá úthlutun.



Fer núna í gang hugmyndavinna um hvernig styrkurinn er best nýttur og kortlagning á þörfum aðstandenda.

Meðfylgjandi mynd sýnir alla styrkhafa úr styrktarsjóði geðheilbrigðis en Sigríður Helga Axelsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu, veitti styrknum móttöku við hátíðlega athöfn í Iðná 18. október síðastliðinn.

Fyrir hönd velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar Sigrún Bessý Guðmundsdóttir ráðgjafi í barnavernd og félagsþjónustu. Sigríður Helga Axelsdóttir forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu.


## ÍBÚAKÖNNUN LANDSHLUTANNA – TAKTU ÞÁTT!

Íbúakönnun landshlutanna er nú farin af stað að nýju. Sem fyrr er tilgangurinn að kanna hug íbúa um ýmsa þætti tengda búsetu þeirra með það markmiði að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu öllu í þeirri viðleitni að bæta lífs- og búsetuskilyrði á svæðunum. Niðurstöðurnar veita innsýn í stöðu íbúa á landsbyggðinni og geta nýst öllu svæðinu í heild sinni, sveitarfélögunum, fyrirtækjum og fræðimönnum svo eitthvað sé nefnt. Þær eru jafnframt góður grunnur til að nýta til frekar stefnumótunarvinnu til dæmis innan sveitarfélaga, landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar. Nú þegar hafa niðurstöðurnar gefið þeim sem vinna að byggðapróun t.d. á sveitarstjórnarstiginu mikilvægar upplýsingar um raunverulega stöðu í hinum ýmsu byggðum um land allt. Eldri kannanir má nálgast á mælaborði Byggðastofnunar sem sjá má hér.

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshlutasamtaka á landsbyggðinni og Byggðastofnunar og hefur verið framkvæmd á þriggja ára fresti frá árinu 2004. Þátttaka Suðurlands í könnuninni er jafnframt eitt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2023. Vífill Karlsson, Ph.D. í hagfræði hjá

Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd könnunarinnar.

Könnunin er ætluð öllum íbúum á Íslandi sem náð hafa 18 ára aldri. Við hvetjum alla íbúa til að taka þátt í könnuninni en hana er jafnframt hægt að nálgast á ensku og pólsku.



Fyrri niðurstöður í Íbúakönnun landshlutanna er að finna á mælaborði Byggðastofnunar

# GJÖF FRÁ SLYSAVARNAEILDINNI FRAMTÍÐINNI OG HIRÐINGJUNUM



Slysavarnaeildin Framtíðin og Hirðingjarnir tóku sig saman á dögnum og gáfu hjartastuðtæki í Sporthöllina og Crossfitstöðina Fenrir. Hefur Slysavarnaeildin Framtíð áður gefið hjartastuðtæki á hinum ýmsum stöðum í bæjarfélaginu.

Slysavarnaeildin Framtíðin er forvarnarfélag ásamt því að standa í fjáröflunum til að geta gefið svona rausnarlegar gjafir. Í enda nóvember byrjar árleg fjáröflun okkar sem er happdrættis línan sem Hornfirðingar þekkja vel og hafa ávallt tekið vel á móti okkur

Við erum líka í þessu félagi til að hafa gaman og hittumst reglulega á kósýkvöldum í húsi félagsins. Höldum jólasamveru í enda nóvember og margt fleira sem við tökum upp á. Slysavarnaeildin heldur sinn árlega haustfund þann 10. nóvember klukkan 20:00 í húsi félagsins og allir eru velkomnir á fund sem hafa áhuga að koma og fræðast um Slysavarnaeildina Framtíðina og kannski bara ganga í félagið.

*Fjola Jóhannsdóttir, formaður Slysavarnaeildarinnar Framtíðar*



## ÞORVALDUR ÞUSAR

Í næstu pistlum ætla ég að þusa vítt og breitt um skipulagsmál í Hornafirði. Skortur á byggingarhæfum lóðum hefur lengi verið viðvarandi í þéttbýlinu á Höfn.

Þessi skortur hefur mjög líklega haft

áhrif á þróun byggðar einkum og sér í lagi á seinni árum. Vissulega hafa verið gerðar tilraunir til skipulags til lengri tíma. Má þar nefna Júllatúnið. Það er hins vegar skipulegt slys. Byggingarmagnið allt of mikið og byggðin þar af leiðandi allt og þétt. Kveður svo rammt að þessu að ef einn leysir vind þá hrekkur einhver upp í næsta húsi. Sennilega hefði einnig átt að skoða hvort þessi byggð hefði ekki átt að vera lágrestari. Einnig má benda á að gatnakerfið er stórlega undarlegt svo ekki sé meira sagt. Næsta stórverkefni var Leiran. Nú er það svæði nánast fullbyggt. Þar vil ég

benda á að þar er verið að tefla saman blokkum og einbýlishúsum og er það á kostnað einbýlishúsanna. Enda ef hverfið er skoðað þá má sjá hvernig íbúar hafa reynt að skerma sig af vegna þess að útsýnið af efri hæðum blokkanna er beint inn um gluggana á einbýlishúsunum. Það er skoðum mín að hægt hefði verið að koma þessu betur fyrir.

Í næsta pistli ætla ég að fjalla um þéttbýli byggðar og stöðu skipulagsmála í þéttbýlinu á Höfn. Þar er ýmislegt undarlegt að gerast eða gerist ef til vill lítið og ofur hægt.

Með góðum kveðjum  
Þorvaldur þusari

## SKIPULAGSMÁL HLUTI 1



**Höfum opið á laugardögum fram að  
jólum frá  
kl. 13:00-15:00.**

**Það er komið að því:**  
Konukvöld fimmtudaginn 16.nóvember frá kl.19-22  
20% afsláttur af völdum vörum  
Nýtt start frá Sign og Vera Design Jewellery  
verið velkomin



Símar:  
478-2535 / 898-3664

Er með 3-4 herbergja íbúð til leigu (einbýli) sem er laus frá  
deginum í dag.

Er staðsett í Nesjahverfinu.

Upplýsingar í síma 8637745 Sómi eða 8672882 Snæbjörn.

Bestu kveðjur  
Snæbjörn Ingvarsson

**Viltu þú taka við umsjón Eystrahorns?**

Eystrahorn óskar eftir nýjum umsjónaraðila frá áramótum  
Áhugasamir hafi samband í síma 6628281 eða sendið póst á  
netfangið

[eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)



**ORÐALEIT**

- TVÖÞÚSUNDKALL
- KLUKKA
- TVÍLÆRINGUR
- FLATFÓTUR
- ILMSTERKUR
- INDÍGÓBLÁR
- BÚÐARLOKA
- BÚÐINGUR
- AFHROÐ
- ÓSKILGETINN
- ÁRANS



Austurbrat 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður:  
Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Netfang: arndis@  
eystrahorn.is  
Prófaralestur:  
Guðlaug Hestnes  
Umbrot:  
Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126

Lífandi vafn  
-Lífandi vafn með bláum lögum-  
Dagskrá vikunnar  
Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00  
Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30  
VIÐ HÖKKUM ÉI AÐ SPÁ ÞIG  
Jesús segir:  
Ef nokkurn þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Éi þvegi Jesús sem trúi á mig  
munu renna  
legir bláskáttu.

## Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00  
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss  
sindriorn@hornafjordur.is / sími: 470-8475



## Bifreiðaskoðun á Höfn 20., 21. og 22. nóvember.

Tímamantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 17. nóvember.

Næsta skoðun 15., 16. og 17. janúar.

*Þegar vel er skoðað*

LEIKFÉLAG  
HORNAFJÖRÐAR  
MMH  
Leiklestur  
á degi íslenskrar tungu  
16. nóvember  
ALLS KONAR ÖRLEIKRIT  
EFTIR ELÍSABETU JÖKULSDÓTTUR  
kl. 20:00  
á Svavarsafni  
og streymi á facebook

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Fimmtudaginn 9. nóvember kl.  
20:00

Síðasta umferð í Félagsvistinni að þessu sinni.  
Hver hlýtur heildarverðlaunin? Spennandi  
Allir velkomnir

Sunnudagur 19. nóvember kl. 15:00

### Vöfluball í EKRU

Hin stórgóða hljómsveit **EKRUBANDIÐ** spilar og  
syngur.

Mætum vel og höfum gaman saman

Upplagt að taka með sér gesti, börn og  
barnabörn

Vöflur með rjóma og sultu

Allir velkomnir

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Bragðgóð fiskisúpa eftir Hafðísi Hauksdóttur og Ægi Olgeirsson*

Fullkomið að taka til í ísskápnum og henda í góða súpu. Sendum áskorun yfir í næsta hús á móður og tengdamóður, Ernu Gísla!

Hráefni fyrir 4-6 :

1 laukur (þar sem ég elska lauk hef ég nóg af honum og gott ef til er afgangs blaðlaukur að bæta honum með)

2-3 hvítlauksgeirar

Gulrætur (eða annað grænmeti sem til er í ísskápnum)

Piparostur

Rjómaostur (best ef hann er með graslauk eða öðru kryddi í)

1-3 flak af fiski

Dass af karríi

Salt og pipar (og annað krydd sem finnst upp í hillu)

Grænmetisteningur

1l vatn

Rjómi

### Aðferð:

Byrja að steikja allan lauk sem ég finn. Bæti síðan gulrótum, hvítlauki, smjöri og karríi við og leyfi því aðeins að malla. Næst helli ég vatni og grænmetisteningi úti og leyfi því að malla á meðan ég sker niður piparost í litla bita. Helli smá rjóma í súpuna og set piparostinn og rjómaost út í. Nú leyfi ég ostinum að bráðna. Þegar osturinn er bráðnaður smakka ég súpuna til og krydda eftir smekk. Ég er mjög hrifin af kryddunum frá Kryddhúsinu og nota þau óspart í súpur. Í lokin sker ég niður fisk í litla bita og skelli ofan í súpuna. Fljótleg og bragðgóð súpa sem gott er að bera fram með góðu brauði.

---

# SPURNING VIKUNNAR

*Hver er tilgangur lífsins*



**John Ivan Astorga Einarsson**  
Að spila Fortnite



**Sigursteinn Ingvar Traustason**  
Fjölskyldan og bílaþríf



**Fanney Rut Guðmundsdóttir**  
Að hafa gaman og njóta



**Elín Ósk Óskarsdóttir**  
Pepsi max og hestaferðir



**Alexandra Hernandez**  
Slay og hafa gaman



**Birgir Leó Halldórsson**  
Að finna tilganginn



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
velliðan fyrir alla

## Styrkumsóknir fyrir árið 2024

Þau sem vilja senda inn styrkumsókn vegna viðburða eða reksturs félagsamtaka þurfa að skila umsóknum fyrir 13. desember nk.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð eða ársreikningar/uppgjör fyrir síðasta fjárhagsár, og upplýsingar um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is).



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Aðstoðarþjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis

*Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir stöðu aðstoðarþjóðgarðsvarðar á austurhluta suðursvæðis lausa til umsóknar, með aðsetur á Höfn í Hornafirði. Leitað er eftir kraftmiklum og úrræðagóðum einstaklingi sem býr yfir næmni og lagni í mannlegum samskiptum og hefur góða þekkingu á náttúru- og umhverfismálum. Starfið er fjölbreytt, krefjandi en umfram allt mjög skemmtilegt.*

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður: [steinunn.h.harardottir@vjp.is](mailto:steinunn.h.harardottir@vjp.is)  
Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2023.



Vatnajökulsþjóðgarður  
National park

unesco  
World Heritage site

JAFNALUNAVOTTUN  
2020 - 2023